

Allsherjar- og menntamálanefnd  
Skrifstofu Alþingis - nefndasviði  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr.82/2008. Þingskjal 1077, 622. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri.

# UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008

**Pingskjal 1077, 622. mál**

## **Almennt um frumvarpið**

Rauði krossinn á Íslandi telur frumvarpið í heild sinni vera til mikilla bóta og að þær meginbreytingar sem koma fram í því endurspegli hvernig almannavarnir starfa í raun. Þá skýrir það að miklu leyti þætti sem eru ekki nægilega skýrir í núgildandi lögum, s.s. verkaskiptingu milli almannavarnanefnda og lögreglustjóra annars vegar og verkswið stjórnar Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna hins vegar. Þá er það fyrirkomulag við rýni aðgerða sem lagt er til í frumvarpinu mjög til bóta.

Félagið fagnar þeirri viðbót í 4. mgr. c-lið 6. gr. frumvarpsins sem felst í því að sterkur lagalegur grundvöllur verði eftirleiðis fyrir hendi varðandi móttöku erlends hjálparliðs á neyðarstundu. Rauði krossinn á Íslandi leiddi fjölþjóðlegt verkefni fyrir nokkrum árum þar sem rannsakaðir voru þættir sem geta tafið eða hindrað aðflutning bjarga í viðkomandi ríkjum. Rannsóknin leiddi berlega í ljós að margt í regluverkinu gæti svo sannarlega flækt bæði ákvarðanatöku og framkvæmd, auk þess sem ekki væri ljóst hver hefði heimild til að kalla eftir utanaðkomandi björgum. Lokaskýrsla verkefnisins er vistuð á [vefsíðu Almannavarna ESB](#).

Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) starfrækir deild sem hefur það hlutverk að aðstoða stjórnvöld svo regluverk viðkomandi ríkja styðji við hraða og skilvirka aðstoð yfir landamæri á hættustundu. Sjá nánar [hér](#).

## **Lokaorð**

Eins og áður hefur komið fram styður Rauði krossinn frumvarpið og hefur engar athugasemdir við einstaka greinar þess. Starfsfólk félagsins er reiðubúið að eiga samskipti við allsherjar- og menntamálanefnd svo frekar megi gera grein fyrir afstöðu þess.